

Verkefni: Stjórnarskiptafundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 16. nóvember 2008
Tímasetning fundar: kl. 20.00 - 22.30
Fundarstaður: Sjafnarvellir, Keflavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (PV)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	Varamaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	Nýliði í stjórn	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Formleg stjórnarskipti**

Sigrún formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til stjórnarskiptafundar Gígunnar. Fráfarandi stjórn afsalaði sér völdum og ný stjórn var boðin velkomin til starfa. Nýja stjórnin skipti með sér verkum en aðalfundur kaus Dagbjörtu Sigurbergisdóttur (Kyrjurnar) næsta formann Gígunnar. Margrét Bóasdóttir verður áfram verndari Gígunnar og stjórninni til ráðgjafar. HG hafði safnað saman upplýsingum um nýju stjórnina (símanúmer og netföng) farið var yfir þann lista og hann leiðréttur. HG mun koma þeim upplýsingum inn á vefsetrið og senda til stjórnar (aðal og vara) í tölvupósti. Ákveðið var að senda áfram öll fundarboð og allar fundargerðir einnig á varamenn stjórnar Gígunnar.

Ritari mun, eins og áður, senda allar fundargerðir til stjórnar til yfirlstrar/samþykktar áður en þeim er komið fyrir inni á vefsetrinu. Skoðunarmenn reikninga Gígunnar eru áfram: Margrét Hreinsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur) og Inga J. Arnardóttir (Kyrjunum).

Á fundinum var farið þess á leit við HG fráfarandi ritara að starfa áfram með stjórninni a.m.k. fram til áramóta þar sem PV er að fara í aðgerð á hendi og því ekki ritfær. Eins þurfa PV og JG að fá kennslu á hugbúnað vegna umsýslu vefsetursins. HG gefur kost á sér sem vararitari og mun sjá um vefsetrið og tölvupóst í fjarveru PV eins lengi og þurfa þykir.

Aðalstjórn Gígunnar næsta starfsár skipa eftirtaldir fulltrúar:



Dagbjört Þorgerður Aðalheiður Puríður Jófríður

Dagbjört Sigurbergsdóttir (DS), Kyrjurnar	Formaður
Jófríður Guðmundsdóttir (JG), Kvennakór Kópavogs	Varaformaður
Puríður Pétursdóttir (PP), Kvennakór Reykjavíkur	Gjaldkeri
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV), Vox feminae	Ritari
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG), Kvennakór Suðurnesja	Meðstjórnandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG), Vox feminae	Vararitari

Varastjórn Gíggunnar næsta starfsár skipa eftirtaldir fulltrúar:



Steiney

Sigrún

Anna Lilja

Anna Lilja Stefánsdóttir (ALS), Kvennakór Akureyrar	Varamaður
Steiney Halldórsdóttir (SH), Kvennakór Hafnarfjarðar	Varamaður
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ), Kvennakór Hafnarfjarðar	Varamaður

2. Skipulag tölvupósts Gíggunnar

HG kenndi öllum fundarmönnum á pósthótti Gíggunnar og útskýrði uppsetningu tengiliða, hópa og almennar reglur sem gilda um póstsendingar á vegum stjórnar Gíggunnar. Allir meðlimir í aðalstjórn Gíggunnar hafa aðgang að póstinum en ritari sambandsins ber ábyrgð á honum. HG er búin að gera leiðbeiningarskjal með upplýsingum um notendanafn og lykilorð sem sent verður á aðalstjórn.

3. Tengiliðir við aðildarkóra Gíggunnar

Ákveðið var að stjórnin skipti aðildarkórum Gíggunnar á milli sín eins og verið hefur undanfarin ár. Hver stjórnarmeðlimur ber ábyrgð á samskiptum við ákveðna kóra og hefur frumkvæði að því að hafa samband við sína kóra a.m.k. tvisvar sinnum á hverju starfsári. Skiptingin er eftirfarandi:

Dagbjört:

Gospelsystur Reykjavíkur, Jórukórinn á Selfossi, Kvennakór Suðurnesja, Kvennakórinn Léttseit Reykjavíkur, Kvennakórinn Vestfirsku Valkyrjurnar og Vox feminae.

Jófríður:

Kvennakór Bolungarvíkur, Kvennakór Reykjavíkur, Kvennakórinn Seljurnar, Kyrjukórinn Þorlákshöfn og Uppsveitarsystur.

Puríður:

Kyrjurnar, Lillukórinn í Húnaþingi vestra og Sandlóurnar.

Þorgerður:

Freyjukórinn í Borgarfirði, Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn, Kvennakór Garðabæjar, Kvennakór Hafnarfjarðar, Kvennakórinn Embla og Kvennakórinn Ljósbrá.

Aðalheiður:

Glæðurnar, Heklurnar, Kvennakór Akureyrar, Kvennakór Hornafjarðar og Kvennakór Kópavogs.

Sigrún:

Kvennakór Öldutúns, Kvennakórinn Norðurljós og Kvennakórinn Ymur.

4. Niðurstöður síðustu símtala

Fyrir síðasta aðalfund var hringt í alla aðildarkórana til að tala um jólagagið, aðalfundinn, næstu stjórn Gíggunnar og óska eftir fréttum. Ekki náðist í Sandlóurnar og Kvennakórinn Norðurljós. Tengiliðir munu hafa samband við þessa kóra fyrir jól.

5. Innheimta félagsgjalda 2008-2009

Formönnum allra aðildarkóranna var sent innheimtubréf í tölvupósti 3. nóvember. Í bréfinu kemur fram að gjalddagi félagsgjalda er 30. nóvember 2008. Þeir kórar sem ekki hafa gengið frá greiðslu fyrir þann tíma fá sent ítrekunarbref í pósti. HG mun sjá um að senda þau bréf í byrjun desember.

6. Ný undirsíða á vefsetrinu, Tónleikar

HG hefur gert nýja undirsíðu á vefsetrinu sem heitir Tónleikar. Nýja síðan hefur að geyma upplýsingar um tónleika aðildarkóranna í tímaröð, til að fá frekari upplýsingar um ákveðna tónleika er smellt á nafn kórs og þá opnast fréttatilkynning um tónleikana. Ákveðið var að senda kynningarpóst um þessa nýjung á póstlistann og einnig að skrifa frétt fyrir vefsetrið. HG mun sjá um það mál.

7. Kvennakórar landsins heiðra Jón Ásgeirsson tónskáld á áttæðis afmæli hans. Frumflutningur á jólagaganinu; *Ég heyrði þau nálgast*

Aðildarkórar sambandsins fengu jólagagið sent í ágúst. Stjórnin hefur orðið vör við mikla ánægju hjá aðildarkórum með þetta framtak. Aðkoma stjórnar Gíggunnar að þessu verkefni er eftirfarandi:

- Upplýsingum safnað frá öllum aðildarkórum um það hvaða kórar ætla að taka þátt í frumflutningnum. Upplýsingum um nafn kórs, tónleikastað og tímasetningu frumflutnings verður komið fyrir inn á vefsetri Gíggunnar undir linknum Tónleikar.
- Send verður fréttatilkynning á fjölmiðla landsins til að kynna þetta verkefni.
- Skrifuð verður frétt um málið og sett á vefsetrið.
- Skrifuð verður bréf og sent á dóttur hans Jóns en hún hafði samband við Gígguna í vor og var að spyrjast fyrir um það hvort kórar sambandsins ætluðu að vera með einhverja dagskrá í tilefni af afmælinu.
- Haft verður samband við Jón Ásgeirsson og honum tilkynnt hvaða kórar syngja lagið hans og hvar. Ef hann ætlar að mæta á frumflutninginn verður viðeigandi kór(um) tilkynnt um nærveru hans.

Þessi mál eru öll í vinnslu og hefur stjórnin skipt með sér verkum.

8. Tónverkasjóður, tónverk Gígunnar 2009

HG hafði samband við Elínu Gunnlaugsdóttur og bað hana að semja lag fyrir Gígunna. Elín gat ekki unnið verkið á þessum tíma en hefur mikinn áhuga á að gera lag fyrir Gígunna síðar. HG hafði samband við Hildigunni Rúnarsdóttur tónskáld og tók hún að sér að semja næsta lag fyrir tónverkasjóð Gígunnar. Óskað var eftir að lagið yrði samið í tilefni af Alþjóðlega kvennadeginum 8. mars. Hildigunnur mun skila laginu fullbúnu ásamt píanóundirleik til stjórnar Gígunnar 15. janúar 2009. Þeir aðildarkórar sem gengið hafa frá félagsgjöldum sínum fyrir starfsárið 2008-2009 fá sendar nótur af laginu.

9. Musica Nova styrkur

Ákveðið var að sækja um styrk til Musica Nova til að greiða fyrir lagið frá Hildigunni Rúnarsdóttur. Musica Nova mun auglýsa styrkumsóknir nú í lok nóvember. PP mun gera drög að umsókninni og senda hana á stjórnarmenn til umsagnar áður en hún verður send inn.

10. Hugmynd að nýrri undirsíðu fyrir vefsetrið, Tónverkasjóður

HG leggur það til að gerð verði ný undirsíða á vefsetrinu sem heiti Tónverkasjóður. Hún leggur það til að þar inni verði skipulagsskrá tónverkasjóðs og upplýsingar um þau verk sem Gígjan hefur látið semja fyrir sig. JG lagði til að tenging verði á milli þessarar síðu og síðunnar sem sýnir hvaða kórar taka þátt í flutningi verkanna. Stjórnin samþykkti hugmyndirnar. HG mun vinna málið áfram; setja síðuna upp, skrifa frétt um málið fyrir vefsetrið og senda kynningarpóst á aðildarkórana. Málið er í vinnslu.

11. Úthlutun frá SFH fyrir árið 2008

DS mun hafa samband við Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóra SFH til að fá upplýsingar um hvenær úthlutun fari fram fyrir árið 2008 og hver upphæðin er. Eins vantar upplýsingar inn á vefsetur SFH um það að Gígjan sé aðili að SFH. Búið er að senda tvisvar sinnum tölvupóst til að óska eftir því að vefsetrið hjá þeim verði uppfært. Málið er í vinnslu.

12. Umsjónarkerfi vefsetursins, dreifa þekkingu

Ákveðið var að HG kenni PV og JG á umsjónarkerfi vefsetursins. HG er búin að læra undirstöðuatriði við umsjón með vefnum og þeirri þekkingu þarf að dreifa áfram. Ákveðið var að fá einn fund með Greind til þess að læra flóknari tækniatriði er snúa að umsjón vefsetursins. HG mun bóka fund. Málið er í vinnslu.

13. Gögn frá síðasta landsmóti

Gígunni hafa borist óformlegar fyrirspurnir um það hvort hægt verði að kaupa upptökur (geisladiska) af tónleikunum sem fram fóru á landsmótinu á Hornafirði. Eins hafa borist fyrirspurnir um myndadiska. HG mun senda póst á landsmótsnefndina til að fá upplýsingar um þetta hjá þeim. Málið er í vinnslu.

14. Myndir af aðildarkórnum inn á vefsetrið

Nú eru örfáir kórar sem ekki hafa sent sambandinu mynd af sér. Á vefsetrinu undir linknum Aðildarkórar eru upplýsingar um hvern kór ásamt mynd af kórnum. Tengiliðir þeirra kóra sem ekki hafa sent inn mynd munu hafa samband við þá og óska eftir mynd. Málið er í vinnslu.

15. Næsta landsmót 2011

Næsta landsmót Gígunnar verður haldið á Selfossi árið 2011 og mun Jórukórinn á Selfossi sjá um undirbúninginn. Ákveðið var að hafa samband við Jórunar til þess að fá upplýsingar um það hvort þær séu búnar að kjósa undirbúningsnefnd. Eins þarf að stofna undirsíðu á vefsetrinu fyrir mótið. HG mun taka að sér að hafa samband við þær og gera nýja síðu á netinu.

16. Hugmynd að nýrri undirsíðu fyrir vefsetrið, æfingabúðir

JG kom með þá hugmynd að safna saman upplýsingum frá öllum aðildarkórum um það hvar þeir hefðu verið í æfingarbúðum. Hugmyndin er að búa til síðu á vefsetrinu með grunnupplýsingum um staði sem heppilegir eru til æfinga. JG tók að sér að gera drög að lista yfir atriði sem við viljum hafa á vefsetrinu. Málið er í vinnslu.

17. Mál í vinnslu

Fráfarandi stjórn fór yfir þau mál sem eru í vinnslu hjá stjórn Gígjunnar í dag þannig að nýjar stjórnarkonur fái yfirsýn yfir það sem er í gangi. Þeim er bent á að lesa yfir eldri fundargerðir til þess að fræðast um forsögu mála. Málin rædd og spurningum svarað.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund 15. janúar 2009.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.30.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.